

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/26/EB

2008/EES/45/14

frá 21. mars 2005

um gerð skráar yfir innihaldsefni í matvælum og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr  
III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 11. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB er sett fram skrá yfir innihaldsefni matvæla sem tilgreina skal á merkimiðanum þar sem líklegt er að þau hafi skaðleg áhrif á næma einstaklinga.
- 2) Í samræmi við tilskipun 2000/13/EB er framkvæmdastjórninni heimilt að sleppa til bráðabirgða tilteknum innihaldsefnum eða afurðum þeirra úr III. viðauka a við tilskipunina á meðan matvælaframleiðendur eða samtök þeirra gera vísindarannsóknir til að staðfesta að þessi innihaldsefni eða afurðir uppfylli skilyrði fyrir endanlegri útilokun frá viðaukanum.
- 3) Framkvæmdastjórninni bárust 27 umsóknir vegna 34 innihaldsefna eða afurða, en þar af falla 32 undir gildisvið þessarar tilskipunar og hafa umsóknirnar verið lagðar fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu sem gefa mun vísindalegt álit.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin telur að tiltekna afurðir innihaldsefna séu ekki líklegar, eða ekki mjög líklegar, til að hafa skaðleg áhrif á næma einstaklinga á grundvelli upplýsinga frá umsækjendum og annarra upplýsinga sem fyrir liggja. Í nokkrum tilvikum hefur Matvælaöryggisstofnunin ályktað að hún geti ekki komist að ákveðinni niðurstöðu, enda þótt ekki væru nefnd nein skráð tilvik.
- 5) Afurðum eða innihaldsefnum, sem uppfylla þessi skilyrði, skal því sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Innihaldsefnunum eða efnunum, sem skráð eru í viðaukann við þessa tilskipun, skal sleppt úr III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB til 25. nóvember 2007.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. september 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 25. nóvember 2005.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. mars 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 75, 22.3.2005, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 6

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

## VIÐAUKI

## Skrá yfir innihaldsefni matvæla og efni sem er sleppt til bráðabirgða úr III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB

Innihaldsefni	Afurðir sem sleppt er úr til bráðabirgða
Korn sem inniheldur glúten	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Glúkósasíróp unnið úr hveiti, þ.m.t. þrúgusykur <sup>(1)</sup></li> <li>— Maltódestrín unnið úr hveiti <sup>(1)</sup></li> <li>— Glúkósasíróp unnið úr byggi</li> <li>— Korn notað í eimi fyrir brennda drykki</li> </ul>
Egg	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Lýsósím (framleitt úr eggjum) notað í léttvín</li> <li>— Albúmín (framleitt úr eggjum) notað sem felliefni í léttvín og eplasítra</li> </ul>
Fiskur	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Fiskgelatín notað sem burðarefni fyrir vítamín og bragðefni</li> <li>— Fiskgelatín eða fiskilím notað sem felliefni í bjór, eplasítra og léttvín</li> </ul>
Sojabaunir	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Fullhreinsuð sojaolía og fita <sup>(1)</sup></li> <li>— Náttúruleg, blönduð tókóferól (E306), náttúruleg D-alfa-tókóferól, náttúrulegt D-alfatókóferólasetat, náttúrulegt D-alfa-tókóferólsúksínat úr sojabaunum</li> <li>— Jurtasteról og jurtasterólesterar, unnið úr jurtaolíum sem upprunnar eru úr sojabaunum.</li> <li>— Jurtastanólester framleiddur úr jurtaolíusterólum úr sojabaunum.</li> </ul>
Mjólk	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Mýsa notuð í eimi fyrir brennda drykki</li> <li>— Laktítól</li> <li>— Mjólkurafurðir (kasínafurðir) notaðar sem felliefni í eplasítra og léttvín</li> </ul>
Hnetur	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Hnetur notaðar í eimi fyrir brennda drykki</li> <li>— Hnetur (möndlur, valhnetur) notaðar (sem bragðefni) í brennda drykki</li> </ul>
Sellerí	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Olía úr sellerílaufum og -fræjum</li> <li>— Óleóresín úr sellerífræjum</li> </ul>
Sinnep	<ul style="list-style-type: none"> <li>— Sinnepsolía</li> <li>— Sinnepsfræsolía</li> <li>— Óleóresín úr sinnepsfræjum</li> </ul>

<sup>(1)</sup> Ásamt afurðum, að því tilskildu að vinnsluferlið sé ekki líklegt til að auka ofnæmisvirkni eins og Matvælaöryggisstofnunin hefur metið hana í upprunavöru þeirra.